

**From:** [Ingvi Már Guðnason](#)  
**To:** [Íða Marsibil Jónsdóttir](#)  
**Cc:** [Þórður Freyr Sigurðsson](#); [Kötlusetur](#)  
**Subject:** Inngilding - erindi til sveitarstjórnar  
**Date:** 06 September 2024 11:04:24  
**Attachments:** [image001.png](#)  
[Inngildingarverkefni\\_SASS\\_2024.pdf](#)

## Til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps,

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) bjóða ykkur til þátttöku í verkefni sem hefur það að markmiði að efla sjálfbæra lýðfræðilega þróun og inngildingu erlendra íbúa á Suðurlandi. Verkefnið hefur þegar verið unnið í sveitarfélögunum Hornafirði, Skaftárhreppi, Mýrdalshreppi og Rangárbíngi eystra, og nú bjóðum við öllum 15 sveitarfélögum á svæðinu þátttöku.

### Markmið verkefnisins:

Verkefnið miðar að því að aðstoða sveitarfélögin á Suðurlandi við að móta og innleiða móttökuáætlanir fyrir nýja íbúa, sem stuðla að aukinni inngildingunni íbúa og efla jákvæða byggðapróun. Sjá nánar í meðfylgjandi verklýsingu.

### Óskað er eftir:

Að sveitarfélögin á Suðurlandi tilnefni tengiliði til þátttöku í samráðshópi, sem mun miðla reynslu og þekkingu sín á milli. Tengiliðurinn tekur þátt í reglubundnum fundum, deilir þar stöðu og þróun með öðrum tengiliðum sveitarfélaga í formi jafningjafræðslu, líkt og gert hefur verið í sveitarfélögunum sem komið hafa að verkefninu á fyrri stigum. Eins verður á sumum þessara funda boðið upp á fræðsluerindi og önnur viðeigandi upplýsingamiðlun sem tengist málaflokknum.

### Stuðningur frá SASS:

SASS mun sjá um að skipuleggja mánaðarlega fundi, veita ráðgjöf og stuðning við innleiðingu vegvísis fyrir hvert sveitarfélag, byggðan á stefnumörkun og aðgerðum sem stuðla að aukinni inngildingunni. Ásamt því að leggja til sérfræðinga sem veita munu sértækari stuðning og fræðslu.

Við vonumst til að þið taki þátt í þessu mikilvæga verkefni og tilnefnið tengilið sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir:

Harpa Elín Haraldsdóttir, 866-3045  
byggðapróunarfulltrúi og forstöðukona Kötluseturs ([kotlusetur@vik.is](mailto:kotlusetur@vik.is))

Þórður Freyr Sigurðsson, 692-9030  
sviðsstjóri þróunarsviðs SASS ([thordur@sass.is](mailto:thordur@sass.is))

Með bestu kveðju,  
Ingvi Már Guðnason  
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)



**Ingvi Már Guðnason**  
**SASS**  
**Samtök sunnlenskra sveitarfélaga**  
Austurvegi 56  
800 Selfossi  
sími 480 8200  
[sass.is](http://sass.is)